

Fundargerð Gammadeildar

Fundur haldinn í stofu H207 á Menntasviði HÍ við Stakkahlíð í Reykjavík

mánudaginn 27. janúar 2010 kl. 19:00 – 22:30

29 Gammakonur mættu:

Anh Dao, Árný, Björg, Bryndís, Gerður, Guðný, Helga, Hrefna, Ingibjörg Einarsdóttir, Jóhanna, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jóns skrifstofustjóri, Kristín Jónsdóttir kennslukona Kristjana, Kristrún, Margrét, María Kjeld, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir eldri, Stefnanía, Svana, Vilborg, Hildur, María Pálmad. og Björk Einisdóttir, 15 konur úr Epsilondeild Árnessýslu voru gestir Gammadeildar

Björg formaður hóf fundinn, kveikti á kertum, bauð fundarkonur velkomnar og lýsti yfir sérstakri ánægju með hve margir gestir komu að austan.

Jóhanna las fundargerð frá nóvemberfundinum og Helga fór yfir fundargerð frá jólafundinum og sýndi myndir af samkomunni. Fundargerðar voru samþykktar.

Björg sagði frá fyrirhuguðu vorþingi DKG 17. apríl n.k. sem ætlunin er að halda í Reykjavík. Yfirskrift þingsins verður „Góðir hlutir gerast“ Auglýst var meðal fundarmanna eftir efni á þingið, undirbúningsnefnd er að störfum og tekur við tillögum.

Sagt var frá International Convention 2010 sem verður í Spokane í Wasington USA 20-24 júlí. Hvatt var til þátttöku.

Erna Ingvarsdóttir úr Epsilondeild var með „Orð til umhugsunar „ en hún hefur kennt yngsta aldurshópum í gegnum tíðina. Erna sagði nokkrar einlægar sögur frá börum og um börn sem hún hefur kynnst í sínu starf. Fundarkonur höfðu mjög gaman af frásögnunum og rifjuðu upp ánægjulega reynslu af svipuðu tagi sem oft fylgir kennarastarfinu.

Aðalefni fundarins voru starfendarannsóknir sem Jóhanna Einarsdóttir flutti erindi um. Sérstaklega fjallaði Jóhanna um rannsóknir sem tengjast leik- og grunnskóla. Hún kynnti samstarf við Reykjavíkurborg og fleiri aðila um þriggja ára tilraunaverkefni í 3 leikskólum og 3 grunnskólum. Í lok tímabilsins verður gerð skýrsla og handbók gefin út með hugmyndum sem nýtist þá öðrum í framtíðinni. Jóhanna fjallaði um mikilvægi hugtaka eins og gildi, ígrundun og samræðu. Heilmiklar umræður urðu að loknum fyrirlestri Jóhönnu. Rætt var um besta orðið yfir þessar tegundir rannsókna m.a. talað um gagnkvæma starfendarannsókn. Fram kom meðal fundarmanna mikil ánægja með þessar tegundir rannsókna og nauðsyn þess að gera þær til þess að hægt sé að þróa og bæta kennarastarfið. Góðir kennarar hafi auðvitað ígrundað starf sitt en ekki allt verið formgert eins og með starfendarannsóknum. Formleg viðurkenning á aðferðinni er mikilvæg

Boðið var upp á hlaðborð kræsinga og spjallað. Konur kynntu sig og sögðu skemmtisögur. Haft var að orði að sumar ónefndar hefðu brillerað í frásagnagleðinni. Alla vega ríkti glaðværð í hópnum

Í lok fundar þakkaði Björg formaður gestum fyrir komuna, talaði um mikilvægi þess að blanda geði og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundarritari
Helga G Halldórsdóttir